

Fundur stjórnar ÆSKP 2. júlí 2019 í Neskirkju

Mætt: Jóhanna Ýr, Sigurður Óskar, Berglind, Anna Lilja og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 16.30.

Landsmót 2020

Það gengur brösuglega að ná að setja í Landsmótsnefndarfund. Nefndin er ennþá fljótandi. Herdís er búin að draga sig út, svo það þarf einhvern með Konný í sjálfboðaliðahópinn og vaktaplanið.

Landsmótsstjórinn hefur verið mjög virkur og áhugasamur sem að er mikill kostur.

Tengingin við heimabæinn er hamingjan. Þema mótsins er líf/listir/sköpun.

Farið var yfir hugmyndir um hvaða virkni hægt er að hafa á mótinu, t.d. fljótandi hópaskiptingu sem væru á mismunandi tímum svo þátttakendur þyrftu ekki að binda sig við einn hóp.

Ný lög um kynrænt sjálfræði koma með áskoranir sem nefndin þarf að vera vakandi fyrir.

Gleðigangan

Gleðigangan verður haldin laugardaginn 17. ágúst, hefst kl. 14. Búið er að opna fyrir skráningu.

Ingi Hrafn verður göngustjórinn okkar. Siggi verður tengiliður hans við stjórnina.

Á föstudagskvöldinu hefur verið samkoma þar atriðið okkar er sett saman. Hugmynd um hvort að undirbúningurinn getur verið í Dómkirkjunni.

Hugmynd að smíða kirkju úr þykkum pappa eða tré á hálf ónýta hestakerru og draga hana með í göngunni. Við erum þá að draga kirkjuna til fólksins. Hægt væri að tagga vers á kirkjuna.

Hugmynd kom um að senda gaypride fána á kirkjur til að flagga. Hugmynd um að senda á kirkjur fyrirspurn um hverjir eru reiðubúnir að hafa bænastöðvar á þessum tíma.

SMS

Kerfið er klárt en það þarf að klára vinnsluskrá áður en það byrjar í notkun.

Fundi slitið kl. 17.45